

**1805342 - Kynningarblað Fréttablaðsins 15. maí 2018**

**Minnisblað – 17. maí 2017**

**Til bæjarráðs**

**Frá Sigríði Kristinsdóttur sviðsstjóra stjórnsýslusviðs**

---

Priðjudaginn 15. maí s.l. var dreift með Fréttablaðinu, kynningarblaði um Hafnarfjörð.

Með tölvupósti til bæjarstjóra 15. maí 2018 óskaði bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson eftir öllum tiltækum upplýsingum um auglýsingablaðið sem fylgdi Fréttablaðinu. Bæjarfulltrúanum var svarað þann sama dag.

Með tölvupósti 16. maí 2108 sendir bæjarfulltrúi Adda María tvær spurningar vegna málsins sem eru eftirfarandi: *Hvernig ætlar Hafnarfjarðarbær að tryggja að jafnræðis sé gætt milli þeirra flokka sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga eftir 11 daga? Hvernig ætlar Hafnarfjarðarbær eða þá samskiptastjórinn sem starfar fyrir Hafnarfjarðarbæ að tryggja að lýðræðis sé gætt í aðdraganda kosninga?*

Með tölvupósti síðar þann sama dag óskar bæjarfulltrúi Adda María að málið verði tekið fyrir á fundi bæjarráðs.

Þann 8. maí 2018 sendir Sigurgeir Hreggviðsson hjá Fréttablaðinu tölvupóst á netfangið [hafnarfjordur@hafnarfjodur.is](mailto:hafnarfjordur@hafnarfjodur.is) sem er svohljóðandi: *Sæl verið þið, í byrjun næstu viku (þriðjudag) verðum við hjá Fréttablaðinu með sérblað með Fréttablaðinu um bæjarlífið í Hafnarfirði, og þá verslun og þjónustu sem finna má á svæðinu. Markmiðið með blaðinu er að skapa stemmingu fyrir því sem er að gerast í Hafnarfirði og því margbrotna mannlífi, fjölbreyttu verslun og þjónustu sem finna má á svæðinu. Okkur langar að bjóða ykkur upp á sérstaka umfjöllun í blaðinu sem þið getið sett upp eftir eigin höfði (með því að vinna hana með blaðamanni frá okkur), hvort heldur sem er umfjöllun um einhverja vöru, verslun (eða nánast hvað sem á erindi í svona blað). Blaðamaður myndi vinna efnið í samráði við ykkur og við sendum að sjálfsögðu ljósmyndara á staðinn til ykkar. Einnig erum við að selja hefðbundnar auglýsingar í blaðið. Það má að sjálfsögðu senda tilbúna auglýsingar eða láta okkur vinna þær með stuttum fyrirvara út frá mynd (og texta) gegn vægu gjaldi. Sérumfjallanir eru svo sendar til birtingar á vef okkar ( [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is) ) eftir að efnið er birt í Fréttablaðinu (ef þið viljið í framhaldi deila umfjölluninni á samfélagsmiðlum). Blaðið kemur út í tæplega 90.000 eintökum um allt land. Ef þið viljið vera með okkur í þessu sérblaði (með sérstaka umfjöllun) þá getið þið sent mér línu á [Sigurgeir@frettabladid.is](mailto:Sigurgeir@frettabladid.is) (í síðasta lagi) á miðvikudaginn 09. Maí. Lokaskil fyrir auglýsingar (en ekki umfjallanir) í blaðinu er aftur á móti daginn eftir, í lok dags næstkomandi mánudag. kv. Sigurgeir hjá Fréttablaðinu.“*

Pósturinn er framsendur til samskiptastjóra sem hefur strax samband við Sigurgeir hjá Fréttablaðinu.



Ákveðið var að vera með umfjöllun í blaðinu og vekja athygli á iðandi mannlífi í miðbænum og svo Hraun Vestur áformin sem vakið hafa athygli og fengið jákvæða umfjöllun og rammaskipulagið var samþykkt einróma í skipulags og byggingarráði.

Efnistöð voru ákveðin með það í huga að draga að íbúa og gesti til Hafnarfjarðar og slá á jákvæðan tón í byrjun sumars.

Stuttur tími var til að vinna umfjöllunina og var hún send til Fréttablaðsins á mánudeginum 14. maí s.l. ásamt myndum af miðbæjarlífi og skipulagsteikningum. Óskað var eftir því við Rósu Guðbjartsdóttur formann bæjarráðs að veita ummæli með umfjölluninni fyrir hönd bæjarins. Mynd af Rósu kom ekki frá okkur og ekki var óskað eftir því enda ekki um viðmælanda að ræða í umfjölluninni.

Þau málefni sem ákveðið var að fjalla um eru mál sem ekki ríkir um pólitískur ágreiningur.

Kynningarblaðið var ekki á ábyrgð bæjarins enda útgefið af Fréttablaðinu. Bæjarfélagið greiddi kr. 250.000 fyrir kynninguna.

Öll umfjöllun um Hafnarfjörð er unnin með það að leiðarljósi að skapa jákvæða umfjöllun og ímynd um bæinn.

Verkefni bæjarfélagsins er ekki að koma á framfæri pólitískum sjónarmiðum flokka sem bjóða fram í bæjarfélaginu. Það er gert á öðrum vettvangi.